

Samkeppni um hönnun minjagrips til minningar um Jón Sigurðsson

Hver stendur fyrir keppninni:

Forsætisráðuneytið (nefnd til undirbúnings 200 ára fæðingarafmælis Jóns Sigurðssonar) í samstarfi við Handverk og hönnun, Hönnunarmiðstöð Íslands, Listaháskóla Íslands og Þjóðminjasafn Íslands.

Verkefnið:

Að hanna minjagrip sem sækir innblástur í sögu og menningararf og tengist lífi og starfi Jóns Sigurðssonar. Þann 17. júní 2010 verður opnaður vefur með margvíslegum upplýsingum og efni um Jón Sigurðsson sem þátttakendur geta notfært sér.

Verðlaunafé:

Verðlaunafé er ein milljón króna sem skiptist þannig: 1. Verðlaun kr. 600.000.- og kr. 400.000.- sem skiptast skv. ákvörðun dómnefndar.

Fyrir hverja:

Keppnin er öllum opin og vonast er til að hönnuðir, handverksfólk, listafólk og nemendur sjái sér fært að taka þátt.

Umsóknarferli:

Tillögum skal skila í lokuðu umslagi merktu dulnefni í Stjórnarráðshúsið við Lækjartorg fyrir kl. 12:00 mánudaginn 20. september 2010. Í umslaginu skal vera annað lokað umslag merkt dulnefni en inni í því þarf rétt nafn höfundar heimilisfang og sími að koma fram. Tillögum skal skila útprentuðum á A4 blaði í lit (hámark 3 síður) eða sem ljósmyndum af fullnumm hlut. Tillögur skulu einnig fylgja með á geisladiski með pdf-skjölum og/eða ljósmyndum. Úrslit samkeppninnar verða tilkynnt um mánaðamótin október – nóvember. Sýning á völdum innsendum tillögum fer fram á sama tíma.

Nánari lýsing:

Nánari upplýsingar eru á vefnum www.jonsigurdsson.is

Auk þess veitir trúnaðarmaður keppninnar, Sigrún Ólafsdóttir, frekari upplýsingar.

Netfang: sigrun.olafsdottir@for.stjr.is

Dómnefnd skipa:

Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður,

Halla Helgadóttir frá Hönnunarmiðstöð Íslands

Sunneva Hafsteinsdóttir frá Handverki og Hönnun

Jóhannes Þórðarson frá Listaháskóla Íslands

Björn G. Björnsson frá afmælisnefnd Jóns Sigurðssonar, sem er formaður.

Framleiðsla og sala:

Framleiðsla er alfarið á forræði höfunda. Valdir verða 3-5 gripi sem henta til framleiðslu en þá má merkja sem verðlaunagripi úr samkeppninni.